

AUÐUR HAUKSDÓTTIR

Að tala tungum

Eftirfarandi erindi var flutt á málrættarþingi í Hafnarfirði 17. nóvember 2001. Auk Auðar töluðu þar Kristján Árnason, Ari Arnalds, Karl Blöndal og Egill Helgason. – Ritstj.

Það hefur lengi verið viðtekin skoðun á Íslandi að kunnátta í erlendum tungumálum sé mikilvæg fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Erlend tungumál hafa skipað hærri sess í íslenskum skólum en víða annars staðar og almenn sátt hefur ríkt um að íslensk ungmenni læri 3-4 tungumál auk móðurmálsins. Þetta jákvæða viðhorf til tungumálanáms er dýrmætt.

Allt frá upphafi Íslands byggðar hafa landsmenn átt samskipti við aðrar þjóðir en aldrei hafa samskiptin verið eins mikil og margþætt og nú. Aukin alþjóðleg samskipti á öllum sviðum gera annars vegar kröfu um kunnáttu í fleiri málum en fyrir og hins vegar um betri málakunnáttu en stundum var hægt að komast af með áður fyrir. Þörfin fyrir tungumálakunnáttu ræðst af því hvaða markmiðum á að ná hverju sinni. Miklir hagsmunir geta verið í húfi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild og allt getur oltið á að þeir sem viðskipti stunda eða sem falið er að gæta hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi búi yfir góðri tungumálakunnáttu.

Löng hefð er fyrir því að Íslendingar stundi nám erlendis og í því sambandi gegnir tungumálakunnátta lykilhlutverki. Þýðingar á íslensku hafa auðgað menningu okkar á öllum sviðum og með þýðingum af íslensku á erlend mál hefur rödd Íslands borist út yfir Atlantsála og eflt áhuga og skilning á menningu okkar og tungu. Góð þýðing getur snortið hugi manna og hrundið af stað atburðarás sem ella hefði ekki átt sér stað. Georgíumaðurinn Grigol Matsjavariani lýsti þannig fyrstu kynnum sínum af íslenskum bókmenntum:

Einu sinni sem barn sá ég bók á borði afa míns. Þetta var Íslandsklukkan. Þegar ég heyrði nafnið Laxness fannst mér það mjög hljómfagurt, eins og tónlist, og ég ákvað að lesa bókina. Því miður skildi ég ekki mikið í yrkisefninu, vegna þess að ég var bara lítill strákur, en mér fannst öll nöfnin í bókinni, eins og Snæfríður og Jón Hreggviðsson, vera svo hljómfögur. Eftir þetta fór ég að lesa allt sem gefið hafði verið út í fyrrum Sovétríkjunum eftir Laxness.
(Grigol Matsjavariani 1992)

Íslendingar hafa alltaf verið háðir viðskiptum við erlendar þjóðir og svo er enn. Þegar viðskipti eru annars vegar getur skipt sköpum hvort tilgangurinn er að kaupa eða selja. Oft virðist hægt að komast af með tiltölulega litla tungumálakunnáttu þegar kaup fara fram en hins vegar er allt annað upp á teningnum þegar tilgangurinn er að koma hugviti eða framleiðslu í verð. Oftar en ekki ræðst árangurinn af því hvort næg tungumálakunnátta er til staðar og hvort hlutaðeigandi aðilar búi yfir nægilegri þekkingu á samskiptahefðum, siðum og menningu viðskiptavinanna.

Á undanförunum áratugum hefur viðskiptalöndum okkar fjölgað umtalsvert. Þó mikil viðskipti eigi sér stað í Evrópu, t.d. við Norðurlönd og Þýskaland, og í Ameríku, þá eru viðskiptin ekki lengur bundin við þessar tvær heimsálfur. Ekki er ofmælt að segja að heimurinn sé að miklu leyti orðinn eitt markaðssvæði og þess vegna þarf að

huga að kennslu í fleiri tungumálum en áður, t.d. í Asíumálum. Þá ber að hafa í huga að útflutningur okkar er orðinn margbreytilegri en fyrr. Þegar selja á sérhæfða þekkingu eða framleiðslu er óhjákvæmilegt að ýmsir sérfræðingar komi að markaðssetningu og samningagerð. Viðskipti af þessu tagi og þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi hefur það í för með sér að það eru ekki bara kennarar og aðrir sem sinna menningar- og fræðslumálum sem þurfa að hafa gott vald á erlendum málum, heldur ekki síður fjölmiðlafólk, stjórnámamenn og sérfræðingar, t.d. verkfræðingar, lögfræðingar, stjórnálafræðingar, líffræðingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar.

Háskóli Íslands hefur brugðist við aukinni þörf sérfræðinga fyrir tungumálakunnáttu. Með tilkomu Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands gefst nemendum úr öllum deildum háskólans tækifæri til þess að auka tungumálakunnáttu sína í ensku, dönsku, frönsku, spænsku og þýsku. Um er að ræða stýrt sjálfsnám þar sem áhersla er lögð á hagnýta tungumálakunnáttu á sérsviði nemenda. Allt kapp er lagt á að nemendur verði færir um að nota erlenda málið sem tjáskiptatæki við ólíkar aðstæður. Nemendur fá þjálfun í að tjá sig í ræðu og riti og eins og vera ber er lögð áhersla á notkun nýrra miðla. Tölvutæknin er notuð í þágu námsins og gervihnattaútsendingar gera nemendum kleift að fylgjast með því sem efst er á baugi um leið og þeir glöggva sig á síðum og venjum á viðkomandi málsvæði. Námið nýtur sívaxandi vinsælda meðal stúdenta.

Hvaða mál á að kenna?

Ég hef gefið mér að almenn sátt sé um mikilvægi tungumálakennslu og að flestir séu sammála um að kenna þurfi mörg mál – alls ekki færri en þrjú eða fjögur. En hvaða mál á að kenna og í hve ríkum mæli? Hvaða viðmið eiga að ráða þegar ákvarðanir eru teknar um hvaða mál skuli kenna t.d. sem skyldunámsgreinar í grunn- og framhaldsskólum? Eru það t.d. söguleg eða menningarleg tengsl, skyldleiki tungumála, viðskiptahagsmunir, hve margir hafa málin að móðurmáli, fjöldi ferðamanna eða hvert íslenskir námsmenn leita í framhaldsnám?

Nýleg tungumálakönnun, sem menntamálaráðuneytið lét gera og sem framkvæmd var af PriceWaterhouseCoopers, bendir til þess að flestir Íslendingar séu þeirrar skoðunar að enska sé það tungumál sem flestir Íslendingar þurfi að læra. Þannig svara 96,4% aðspurðra að enska sé það erlenda mál sem mikilvægast sé að hafa vald á (Tungumálakönnun ágúst 2001, mynd 2). Ekki blandast mér hugur um mikilvægi enskukunnáttu í okkar heimshluta. Raunar finnst mér brýnna að velta því fyrir sér hvort hefja ætti enskunám fyrr en nú er gert og nýta þannig betur hæfileika ungra barna til þess að tileinka sér tungumál, ekki síst framburð. Með dönsku-, ensku-, frönsku-, þýsku- og spænskunámskeiðum fyrir ung börn í Reykjavík og á landsbyggðinni, sem boðið var upp á í tengslum við menningarborgarárið og 90 ára afmæli Háskóla Íslands, vakti Háskólinn athygli á mikilvægi tungumálanáms. Námskeiðin, sem voru skipulögð og kennd af sérmenntuðum kennurum, voru fjölsótt og þóttu takast afar vel.

Í ljósi alþjóðlegrar stöðu enskunnar sem „lingva franca“ á fjölmörgum sviðum og vegna menningar enskumælandi þjóða virðist einboðið að leggja áherslu á enskukennslu. En hvaða mál önnur en ensku? Stundum er því haldið fram að eðlilegast sé að kenna þau mál sem flestir hafa að móðurmáli. Lítum á hvaða mál það eru:

874 milljónir manna hafa kínversku (mandarín) að móðurmáli
366 milljónir manna hafa hindí að móðurmáli
341 milljón manna hefur ensku að móðurmáli
322-358 milljónir manna hafa spænsku að móðurmáli
(*The World Almanac and Book of Facts 2001*, bls. 301)

Það fer ekki á milli mála að kínverska er það mál sem flestir jarðarbúar hafa að móðurmáli (fyrsta mál) og ef það er fjöldinn einn sem er lagður til grundvallar því hvaða mál verða fyrir valinu, þá virðist það einboðið að kenna skuli kínversku. En hver eru samskipti Íslendinga við Kína? Hve margir Íslendingar fara til Kína og í hvaða tilgangi? Og hve margir Kínverjar sækja Ísland heim og í hvaða tilgangi? Á síðustu áratugum hefur ferðaþjónustunni vaxið mjög fiskur um hrygg og þar gegnir tungumálakunnátta lykilhlutverki. Þeir sem í ferðaþjónustu starfa eru tengiliðir við hina erlendu gesti. Lítum á tölur yfir fjölda ferðamanna eftir helstu löndum; upplýsingar í Töflu 1 og 2 fengust á heimasíðu Útlendingaeftirlitsins, www.utl.is:

Þjóðerni	Árið 1999	Árið 2000
Bandaríkin	44.709	53.637
Þýskaland	31.684	32.664
Stóra-Bretland	31.466	45.106
Svíþjóð	26.815	29.488
Danmörk	25.138	28.456
Noregur	22.579	24.280
Frakkland	13.533	14.955
Holland	9.666	10.249
Ítalía	7.698	8.147
Finnland	8.499	9.359

Tafla 1. Fjöldi ferðamanna frá helstu löndum árið 1999 og 2000.

	Árið 1999	Árið 2000
Heildarfjöldi ferðamanna	252.605	303.913
Þar af frá Norðurlöndum	83.031	91.583
Þar af frá Bandaríkjunum og Stóra-Bretlandi	76.175	98.743

Tafla 2. Yfirlit yfir heildarfjölda ferðamanna árið 1999 og 2000.

Flestir ferðamennirnir koma frá Bandaríkjunum og Stóra-Bretlandi og næststærsti hópurinn kemur frá Norðurlöndum. Liðlega 30 þúsund ferðamenn koma frá Þýskalandi. Gæði ferðaþjónustunnar ráðast ekki síst af tungumálakunnáttu. Ég vann um árabil við að leiðsegja norrænum ferðamönnum á Íslandi og oft varð ég vör við vonbrigði þeirra þegar þeir uppgötvuðu að mál þeirra voru ekki gjaldgeng í samskiptum við landsmenn. Í því sambandi vil ég sýna ykkur smá-kafla úr bréfi sem mér barst frá dönskum lögmanni sem kom til Íslands um miðjan síðasta áratug og sem lýsir vel þeim viðhorfum sem ég hef verið að tæpa á.

Det er trist at se at man i Island lader engelsk gå forud for et nordisk sprog. Uden at jeg vil fornærme nogen, syntes jeg nok, at mange unge islændinge kunne trænge alvorligt til en effektivisering af deres kundskaber i dansk. Jeg var ikke imponeret. Jeg husker fra min rejse besøget i Akureyri. Jeg stod og beundrede en have med udsprungne blomster. Jeg faldt i snak med faderen ca. 60 år og sønnen ca. 35 år. Faderen kunne udmærket dansk, men sønnen måtte jeg tale med på engelsk! Dette glemmer jeg ikke. Du skulle gøre, alt hvad du kan for at få dette tilbageskridt stoppet.

(Úr bréfi til mín frá Jan Radil. Birt með leyfi sendanda.)

Mikilvægi tungumála í ferðapjónustu verður aldrei nægjanlega undirstrikað. Þó Norðurlandabúar telji aðeins u.þ.b. 24 milljónir manna höfum við meiri samskipti við Norðurlönd en nokkur önnur lönd. Hér skipta auðvitað máli söguleg og menningarleg tengsl þjóðanna sem og landfræðileg lega. Liðlega 32.000 Þjóðverjar heimsóttu Ísland árið 2000. Til samanburðar má geta þess að af 1100 milljónum Kínverja komu aðeins 564 þeirra til Íslands á því herrans ári 2000. Telja má víst að samskipti við Asíu muni aukast á næstu árum og áratugum og miklir viðskiptahagsmunir geta verið í húfi. Því er brýnt fyrir Íslendinga að eiga í sínum röðum fólk sem hefur gott vald á Asíumálum. Þó full ástæða sé til þess að bjóða upp á nám í Asíumálum, t.d. sem valgrein í nokkrum menntaskólum og í Háskóla Íslands, er vægast sagt óraunhæft að gera þessi mál að skyldunámsgreinum. Í því sambandi er mikilvægt að gera sér ljóst að það er himinn og haf á milli þess að læra Asíumál eins og t.d. kínversku eða japönsku og Evrópumál á borð við þýsku, spænsku eða frönsku svo ekki sé talað um Norðurlandamál eins og t.d. dönsku. Þó rétt sé að taka orð Eiríks frá Brúnum, um hve létt honum reyndist að tileinka sér dönsku, með nokkrum fyrirvara, þá gefa þau vísbendingu um hverju hægt er að fá áorkað í málanámi þegar um skylt mál er að ræða og viljinn fyrir hendi:

En mjer þótti leitt fyrst í stað, að þar skyldi enginn eitt orð í íslenzku; en jeg skyldi og talaði þá orðið nokkuð í dönsku, því jeg var svo heppinn, að jeg var með skemmtilegum og þægilegum manni á dampinum fram, herra Sigmundi Guðmundssyni, prentara Ísafoldar, er kunní vel dönsku. Hann leiðbeindi mjer, og lærði jeg af honum mjög margt í dönsku, og kom það mjer að góðu gagni.
(Eiríkur Ólafsson 1878:21)

Vegna skyldleika íslensku og Norðurlandamála og vegna þess hve lík menningin er ætti Íslendingum að veitast auðvelt að læra þessi mál.

Það er allavega í öllu meira ráðist ef læra á japönsku eða kínversku en dönsku eða ensku. Málin eru gjörólík að uppbyggingu og menningin er framandi. Samkvæmt munnlegum heimildum mínum eiga Kínverjar mun fleiri tákni en Japanar en báðar þjóðir hafa gert sér far um að einfalda og fækka táknum. Til þess að teljast læs þarf maður að hafa u.þ.b. 2000 tákni á valdi sínu og til þess að geta lesið dagblöð eða sérhæfðar bækur er vart hægt að komast af með færri en 3000 kínversk tákni. Japani, sem hefur vald á 2000 táknum, telst ágætlega læs á venjulegt nútímamál en lestur fræðilegra texta útheimtir skilning á fleiri táknum. Hér við bætist að þar sem táknum hefur verið fækkað og þau einfölduð er erfitt að lesa texta sem eru ritaðir fyrir 1900.

Í umræðu um tungumálanám er því stundum haldið fram að valið standi um að læra t.d. annaðhvort Asíumál eða Norðurlanda- eða önnur Evrópumál. Þetta er að mínu viti alrangt. Því meiri málakunnátta, sem nemendur búa yfir, því auðveldara reynist þeim að læra ný mál. Og ekki má gleyma að góð kunnátta í móðurmálinu er haldbesta hjálpartækið í öllu frekara málanámi. Persónulega er mér kunnugt um nemendur sem hafa hafið japönskunám í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku og haldið síðan til frekara náms í Japan. Þannig verður enskan, danskan og þýskan lykill að Asíumálum.

Eins og áður hefur verið nefnt er löng hefð fyrir því að Íslendingar sækji nám til útlanda. Skv. greiningu, sem *ArbejdsMarkedsPolitisk Agenda* hefur gert á grundvelli tölulegra upplýsinga í *Nordisk statistisk årbog 2001*, voru hlutfallslega flestir íslenskir námsmenn við nám erlendis af Norðurlandapjóðunum árið 1999 eða alls 20% háskólanema. Til samanburðar má nefna að aðeins 7% norskra og sænskra

námsmanna stunduðu nám erlendis og einungis 2% finnskra og danskra námsmanna (Danske studerende bliver hjemme, bls. 5).

En hvert sækja íslenskir námsmenn í framhaldsnám? Tafla 3 sýnir yfirlit yfir fjölda umsækjenda um lán hjá LÍN vegna náms í helstu námslöndum utan Norðurlanda en tafla 4 sýnir fjölda umsækjenda á Norðurlöndum.

Námsland	Árið 1996-1997	Árið 1999-2000	Árið 2000-2001	Árið 2001-2002
Bandaríkin	531	569	647	512
Stóra-Bretland	208	222	241	245
Frakkland	48	33	27	26
Holland				68
Ítalía	51	38	55	65
Kanada	39	33	32	25
Spánn	31	35	42	39
Þýskaland	213	123	98	82
Alls	1121	1053	1142	1062

Tafla 3. Fjöldi námsmanna í helstu námslöndum utan Norðurlanda.

Námsland	Árið 1996-1997	Árið 1999-2000	Árið 2000-2001	Árið 2001-2002
Danmörk	700	623	647	640
Finnland	18	9	11	13
Noregur	150	109	82	64
Svíþjóð	159	80	68	85
Alls	1027	821	808	802

Tafla 4. Fjöldi námsmanna á Norðurlöndum.

Heildarfjöldi umsækjenda hjá LÍN vegna náms erlendis haustið 2001 var 1943.

Það eru gífurlegir hagsmunir fólgnir í aðgangi íslenskra námsmanna að dönskum og norrænum háskólum, ekki síst þar sem oft er um framhaldsnám að ræða sem ekki er í boði hér á landi. Að undanfögnu hefur verið mikil sókn útlendinga í danska háskóla en þar sem kennslan fer í flestum tilvikum fram á dönsku þurfa útlendingar almennt að gangast undir sérstakt próf í málinu. Íslenskir námsmenn hafa sérstöðu þar sem ekki hafa verið gerðar frekari kröfur til dönskukunnáttu þeirra en að þeir hafi stúdentspróf í dönsku. Það er gífurlega mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að tapa ekki þessari sérstöðu. Um þessar mundir vinn ég að rannsókn meðal íslenskra námsmanna í framhaldsnámi í Danmörku sem beinist að því að kanna hvernig þeim gengur að nota dönskuna sem tjáskiptatæki í námi sínu og hvernig þeir meta þá dönskukunnáttu sem þeir fengu í íslenskum skólum. Þegar hafa komið fram mikilvægar upplýsingar sem vafalítið munu gagnast dönskukennurum í grunn- og framhaldsskólum.

Ég hef rætt það við nokkra námsmenn erlendis hvernig þeim finnst að sækja námskeið sem ætluð eru útlendingum og því kennd á ensku. Nokkrir þeirra hafa bent á að það sé mjög mikill munur á gæðum kennslunnar þegar námskeið eru skipulögð fyrir einsleitan hóp námsmanna í heimalandinu og námskeiðin kennd á móðurmálinu og þegar námskeið eru kennd á ensku fyrir breiðan hóp námsmanna með ólíkar forsendur. Þetta gæti verið áhugavert rannsóknarefni. Flest bendir til þess að miklir hagsmunir séu fólgnir í því að geta átt beinan og milliliðalausan aðgang að þekkingu.

Í greiningu *ArbejdsMarkedsPolitisk Agenda*, sem ég nefndi áðan, kemur fram að hlutfallslega fleiri Íslendingar stunda nám á Norðurlöndum samanborið við

nágrannaþjóðirnar en hlutfallslega fleiri norrænir námsmenn stunda hins vegar nám í öðrum Evrópulöndum, þ.e. utan Norðurlanda, en Íslendingar. Á hinn bóginn stunda hlutfallslega fleiri Íslendingar nám í Bandaríkjunum en aðrir Norðurlandabúar (Danske studerende bliver hjemme, bls. 5). Athygli vekur hve fáir íslenskir nemendur sækja nám til annarra Evrópulanda en Norðurlanda samanborið við aðra norræna námsmenn. Hér þurfum við að vera á varðbergi því með aukinni Evrópusamvinnu hafa möguleikar Íslendinga til framhaldsnáms við evrópska háskóla (þ.e. utan Norðurlanda) aukist til mikilla muna og því miklir hagsmunir í húfi. Tryggja þarf að íslensk ungmenni fái nægjanlegan undirbúning í þriðja erlenda máli, þ.e. í þýsku, frönsku og spænsku, svo ónóg tungumálakunnátta komi ekki í veg fyrir að íslenskir námsmenn geti stundað nám í evrópskum háskólum til jafns við aðra.

Ég hef ítrekað mikilvægi þess að nota móðurmál útlendinga í samskiptum við þá, t.d. í ferðaþjónustu, viðskiptum og í námi. Í því felst ákveðið viðhorf, afl eða þjónusta sem getur skipt sköpum um það hvort árangur náist. Tungumál opna dyr, ekki einungis í samskiptum þjóða, heldur einnig að hjörtum einstaklinga. Ekki má gleyma að athafnir fylgja oft orðum. Máli mínu til stuðnings langar mig til þess að rifja upp bréf sem birtist í Velvakanda 24. október 1992:

Ég er ríkisborgari Georgíu og á heima í Tblísí (eða Tvílýsi eins og H.K. Laxness kallar það svo skáldlega). Ég er lögfræðingur að atvinnu og heiti Grigol Matsjavariani. Ég er 29 ára gamall. Mörgum hef ég skrifað svipað bréf til Íslands en „Moggi“ er síðasta höfn mín ... Elska og virðing til Íslands létu mig taka mér íslenskunám fyrir hendur. Kennaraleysið hindraði mig ekki; ég tók mig til og fór að læra orða eða máltæki af íslensk-rússnesku orðabókinni eins og páfugl og var ég þá bara skólapiltur; en íslenskar bækur hafði ég ekki lesið. Georgísk-íslensk orðabók var ekki til en rússnesku kunní ég illa. Þá lærði ég rússnesku til þess að læra íslensku.

Bréfið frá Grigol Matsjavariani vakti mikla athygli á sínum tíma og í framhaldi af því buðu íslensk stjórnvöld honum til 6 mánaða dvalar á Íslandi. Hér var það tungumálakunnátta og -áhugi sem allt valt á.

Til frekari áréttingar langar mig til þess að nefna annað dæmi. Þegar sendiherra Japana, hr. Kawai, sem hefur aðsetur í Osló, heimsótti Reykjavík nú í byrjun nóvember hóf hann ræðu sína á íslensku og sagði:

Gott kvöld dómur mínar og herrar. Japan og Ísland opna sendiráð í löndum hvors annars á þessu ári. Mér er það mikil ánægja að ræða okkar mikilvægu tengsl í dag.
(Upphaf ræðu sem flutt var á Kjarvalsstöðum 4. október 2001.)

Sendiherrann lagði sig eftir því að bera orðin rétt fram og hann bað viðstadda velvirðingar á því að geta ekki haldið ræðuna alla á íslensku. Öll höfum við upplifað hve vænt okkur þykir um að útlendingar leggi sig eftir því að læra íslensku. Væntanlega er þessu ekkert öðruvísi farið með aðrar þjóðir. Það er sérstök virðing fólgin í því að leggja sig eftir menningu og tungu annarra þjóða.

Stöðugt fleiri leggja nú stund á íslenskunám við erlenda og innlenda háskóla og auk þess eru sífellt fleiri útlendingar sem dveljast hér á landi og sem þurfa eða vilja tileinka sér íslensku sem annað mál. Huga þarf sérstaklega að þörfum þessa fólks. Íslendingar eiga að einsetja sér að verða í fremstu röð í tungumálakennslu, hvort sem um er að ræða kennslu erlendra mála eða íslensku sem annars eða erlends máls. Ég hef áður nefnt að almenn sátt virðist hafa verið um að flestir Íslendingar læri a.m.k. 3-

4 erlend mál. Þegar öllu er á botninn hvolft snýst spurningin um það hve mörg mál á að kenna ekki bara um að tileinka sér tungumál í sjálfu sér, heldur snýst hún einnig um menningarpólítík. Þá grundvallarspurningu hvort við kjósum menningarlega fjölbreytni eða einsleitni í þjóðfélaginu. Til að tryggja menningarlega fjölbreytni og til að mæta aukinni þörf fyrir tungumálakunnáttu á öllum sviðum er mikilvægt að efla tungumálakennslu í landinu. Nýta þarf tölvur og tungutækni í þágu málanáms og sem hjálpartæki þýðenda og annarra sem hafa með höndum textagerð á erlendum málum. Stórauka þarf rannsóknir á erlendum málum og málanámi í því skyni að bæta árangur kennslunnar. En hafa þarf hugfast að skólarnir eru ekki í tómarúmi og því skipta viðhorfin í þjóðfélaginu miklu máli og geta haft afgerandi áhrif á hve fúsir nemendur eru til þess að takast á við málanámið. Áhugi nemenda er lykill að árangri. Fjölmíðlar og ráðamenn verða að vera ákveðin fyrirmynd sem sendir skýr skilaboð út í þjóðfélagið. Skilaboð um að tungumálakunnáttu og menningarleg fjölbreytni sé eftirsóknarverð. Ef marka má af fjölmiðlum og kvikmyndaframboði í bíóum og myndbandaleigum virðist tilhneigingin vera sú að of mikil einsleitni ráði ferðinni. Mér rennur það til rifja að heyra jafnt Færeyinga, Svía, Japana sem Spánverja ávarpaða á ensku. Þá verður mér oft hugsað hlýlega til fréttakonunnar Sonju Diego en margir muna eftir yfirburða-tungumálakunnáttu hennar úr sjónvarpsviðtölum við útlendinga fyrr á árum.

Heimildir

Danske studerende bliver hjemme. *ArbejdsMarkedsPolitisk Agenda*, 17, 8. nóvember 2001.

Eiríkur Ólafsson. 1878. *Lítill Ferðasaga Eiríks Ólafssonar, bónda á Brúnum í Rangárvallasýslu, er hann fór til Kaupmannahafnar 1876, um reisuna fram og aftur, og ýmislegt, er hann sá og heyrði í útlöndum*. Gefið út af höfundinum sjálfum. Reykjavík.

Grigol Matsjavariani. 1992. Enginn kallar íslenskuáhugann lengur sérvisku. *Morgunblaðið*, 6. desember 1992.

The World Almanac and Book of Facts 2001. Aðalritsjóri William A. McGeveran yngri. World Almanac Books 2001. New Jersey.

Tungumálakönnun ágúst 2001. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík. Velvakandi. *Morgunblaðið*, 24. október 1992.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.